

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 221/1997. **Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Margréti Kristjánsdóttur**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

**og gagnsök**

Skaðabætur. Örorka. Líkamstjón. Gjafsókn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1997. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur hennar verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 25. september 1997 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði 9.285.250 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 2. nóvember 1992 til 21. desember 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar sem gjafsókn hennar fyrir héraði, sem veitt var 5. maí 1995, ná til málskostnaðar hér fyrir dómi, sbr. 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, hafði gagnáfrýjandi þjáðst af liðagigt fyrir umferðarslysið 2. nóvember 1992 og verið metin 75% öryrki af Tryggingastofnun ríkisins af þeim sökum. Er óumdeilt, að frá 1984 hafi hún vegna þessa ekki aflað tekna með vinnu utan heimilis. Í vottorði Jóns Gunnars Hannessonar lækni 12. júlí 1994 kemur fram, að hún hafi haft liðagigt í mörgum liðum, úlnlið, fingurliðum, hjám og víðar. Hafi meðal annars verið gerð aðgerð á hægri úlnlið, og þörf geti verið fleiri aðgerða vegna gigtarinnar. Ástand hafi farið heldur versnandi, hvað gigtina varði, en hún hafi þó verið fær um að vinna létt heimilistörf. Í vott-

orði Helga Jónssonar læknis, sérfræðings á Landspítala, 26. september 1994 kemur fram, að gagnáfrýjandi hafi frá haustinu 1991 komið vikulega og fengið sprautur vegna gigtarinnar, og farið í staurliðar- aðgerð á hægri úlnlið 1992. Í nýju vottorði Jóns Gunnars Hannessonar læknis, sem dagsett er 21. apríl 1998 og lagt var fram af hálfu gagnáfrýjanda við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti, kemur fram það álit læknisins, að liðagigt gagnáfrýjanda hafi versnað mikið eftir slysið. Ekki var haldið fram orsakasambandi þar á milli.

## II.

Ágreiningslaust er með aðilum, að gagnáfrýjandi hafi við slysið hlotið 15% varanlega læknisfræðilega örorku. Eins og málið liggur fyrir, hafa ekki verið leiddar að því líkur, að gagnáfrýjandi hefði getað tekið upp launuð störf utan heimilis, ef slysið hefði ekki borið að höndum. Kemur þá ekki til frekari skoðunar sá hluti kröfugerðar gagnáfrýjanda, sem lýtur að skertri getu til tekjuöflunar utan heimilis af völdum slyssins. Verður því að ákvarða tjón gagnáfrýjanda vegna heimilisstarfa eingöngu.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 8. desember 1995 á örorkutjóni vegna heimilisstarfa. Reiknaðist honum höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna tímabundinnar örorku 100% í sex mánuði og 50% í aðra sex mánuði nema 433.400 krónum. Tekjutap vegna 5% varanlegrar örorku reiknaðist vera 522.700 krónur, sem svarar til 1.568.100 króna fyrir 15% örorku, eins og gagnáfrýjandi krefst. Verður krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna tímabundinnar örorku tekin til greina, eins og krafist er. Bætur fyrir varanlega örorku þykja hæfilega ákveðnar 1.332.600 krónur, og hefur þá verið litið til hagræðis við skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Bætur til gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku nema því samtals 1.766.000 krónum. Ljóst er, að gagnáfrýjandi hefur hlotið mikinn miska við umferðarslysið. Þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 350.000 krónur.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda um kostnaðarauka vegna heimilisaðstoðar.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagn-

áfrýjanda samtals 2.116.000 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en draga ber greiðslu aðaláfrýjanda, 1.345.991 krónu, frá uppreiknaðri kröfu gagnáfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi 21. desember 1994.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um máls- og gjafsóknarkostnað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Í gjafsóknarbréfi gagnáfrýjanda 5. maí 1995 er tekið fram, að gjafsóknin sé takmörkuð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Með vísan til lokamálsliðar 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 nær gjafsóknin því ekki til málskostnaðar gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði gagnáfrýjanda, Margréti Kristjánsdóttur, 2.116.000 krónur með eftirgreindum ársvöxtum: 0,9% frá 2. nóvember 1992 til 1. febrúar 1993, 1,1% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 1% frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. maí sama árs, 0,8% frá þeim degi til 1. september sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995, 0,6% frá þeim degi til 8. janúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Frá kröfu gagnáfrýjanda dragist greiðsla aðaláfrýjanda, 1.345.991 króna, eins og hún stóð á greiðsludegi 21. desember 1994.

Ákvæði héraðsdóms um máls- og gjafsóknarkostnað er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 6. febrúar sl., er höfðað af Margréti Kristjánsdóttur, Skriðustekk 9, Reykjavík, gegn Vátryggingafélagi Íslands, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. janúar 1996.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða henni 9.285.250 krónur í skaðabætur ásamt 0,9% ársvöxtum frá 2. nóvember 1992 til 1. febrúar 1993, með 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1993, með 1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1993, með 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá þeim degi til greiðsludags og með vaxtavöxtum frá 21. desember 1994. Þá er gerð sú krafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

#### *Málavextir og ágreiningsefni.*

Málsatvik eru þau, að mánudaginn 2. nóvember 1992 slasaðist stefnandi í hörðum bifreiðaárekstri, er hún ók Subaru-fólksbifreið sinni, Y-16288, af Lindarhvammí í Kópavogi inn á Fífuhvamm og þvert fyrir Ford Econolinetorfæribifreiðina RI-573, sem ekið var vestur Fífuhvamm. Lenti bifreiðin RI-573 á vinstri hlið bifreiðarinnar Y-16288.

Við áreksturinn hlaut stefnandi högg á vinstri síðu og var flutt á slysa-deild Borgarspítalans. Samkvæmt gögnum málsins hafði hún hlotið talsverða áverka, m. a. rifbrot, mar og blæðingu í lifur, loft í brjósthól, viðbeinsbrot og samfallsbrot á brjósthryggjarliðbolum. Stefnandi lá á Borgarspítala frá slysdegi til 20. nóvember sama ár vegna meiðslanna. Hún fékk ýmiss konar meðferð vegna bakmeiðslanna, svo sem sjúkrajálfun, deyfingarmeðferð, verkjalyf og bólgueyðandi lyf.

Stefnandi hefur frá árinu 1984 átt við heilsuleysi að stríða vegna liðagigtar. Hafði hún af þeirri ástæðu verið metin 75% öryrki samkvæmt mati Tryggingastofnunar ríkisins. Stefnandi var því óvinnufær að mestu fyrir slys, en gat þó unnið létt heimilisstörf. Eftir slysið var stefnandi alveg óvinnufær, og hefur hún átt í erfiðleikum með að vinna heimilisstörf.

Varanleg örorka stefnanda vegna slyssins 2. nóvember 1992 hefur verið metin 10% af Júlíusi Valssyni lækni samkvæmt mati hans, dags. 15. ágúst 1994. Læknarnir Jónas Hallgrímsson og Atli Þór Ólason hafa hins vegar metið læknisfræðilega örorku stefnanda 15% samkvæmt örorkumati þeirra frá 13. október 1994, en málsaðilar leituðu sameiginlega eftir mati læknanna

á örorku stefnanda. Varanleg fjárhagsleg örorka stefnanda til heimilisstarfa var metin 5%, „en til léttra starfa utan heimilis 15% eða á bilinu 5–15%“.

21. desember 1994 fékk stefnandi greitt úr hendi stefnda 1.200.000 krónur í bæt看 vegna slyssins ásamt vöxtum, kostnaði og lögmannspóknun. Telur stefndi, að með því hafi tjón stefnanda verið að fullu bætt.

Í þinghaldi 15. apríl 1996 var tekin fyrir beiðni stefnda frá 6. mars s. á. um, að málið yrði lagt fyrir Læknaráð til umsagnar um ákveðin atriði, sem fram koma í framangreindu örorkumati. Var umsagnar Læknaráðs leitað með úrskurði dómsins sama dag. Niðurstöður Læknaráðs bárust dómnum með bréfi landlæknis, dags. 10. október 1996. Féllst Læknaráð á niðurstöðu matsmannanna Jónasar Hallgrímssonar og Atla Þórs Ólasonar og taldi, að varanleg örorka stefnanda væri rétt metin 15%.

Í málinu er hvorki deilt um bótaskyldu stefnda né um örorku stefnanda. Hins vegar er ágreiningur um fjárhæð þeirra bóta, sem stefnandi krefst úr hendi stefnda vegna slyssins. Kröfur stefnanda í málinu eru studdar þeim rökum, að stefnda beri að bæta henni tekjutap vegna tímabundinnar örorku og vegna 15% varanlegrar örorku svo og fyrir örorku til heimilisstarfa. Einnig krefst hún bóta fyrir kostnaðarauka vegna heimilisaðstoðar. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni en þegar hafi verið bætt.

*Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.*

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á örorkumati læknanna Jónasar Hallgrímssonar og Atla Þórs Ólasonar frá 13. október 1994. Læknarnir hafi metið örorku stefnanda vegna skertrar starfsorku hennar af völdum slyssins, en örorkan hafi verið metin í hundradshlutum samkvæmt þeirri dómvenju, sem gilt hafi fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Örorka stefnanda vegna slyssins hafi komið í veg fyrir, að hún hafi getað farið að vinna á almennum vinnumarkaði, eins og hún hafi haft ráðagerðir um, áður en hún varð fyrir umræddu slysi. Örorkumatið feli í sér heildarmat á því, hvaða tjóni stefnandi verði fyrir vegna slyssins. Almennt verði örorkumat að teljast mat á framtíðarafleiðingum slyss á starfsorku hins slasaða. Líkamstjón sé almennt til þess fallið að leiða til varanlegrar starfsorkuskerðingar, sem geti komið fram strax eða síðar á lífsleiðinni. Jafnframt hafi líkamstjón stefnanda haft verulegan kostnaðarauka í för með sér. Á því leiki ekki nokkur vafi, að tjón stefnanda hafi haft hamlandi áhrif á mögulega starfsgetu hennar jafnt til starfa utan sem innan heimilis og valdið henni óþægindum og erfiðleikum í tómsfundum.

Því er eindregið mótmælt af hálfu stefnanda, að þar sem hún hafi verið 75% öryrki fyrir slys og ekki getað unnið utan heimilis, þegar slysið varð,

sé hún nær réttlaus. Vísað er til þess m. a., að slysið hafi í raun komið í veg fyrir, að stefnandi gæti farið að vinna utan heimilis, jafnframt því sem slysið hafi komið í veg fyrir, að stefnandi gæti unnið almenn heimilisstörf, en það hafi haft í för með sér verulegan kostnaðarauka vegna heimilisaðstoðar. Vottorð Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar frá 24. ágúst 1995 staðfesti, að stefnandi hafi fengið heimilisaðstoð öðru hverju frá árinu 1984 til desember 1991 og síðan aftur í kjölfar slyssins. Stefnanda hafi þá verið gert að standa sjálf straum af kostnaði við aðstoðina, og var þeirri aðstoð hætt, þar sem stefnandi hafi ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að standa straum af kostnaðinum. Þess í stað hafi stefnandi þurft að leita á náðir ættingja og vina með heimilisaðstoðina.

Fjárhæð tjónsins hafi verið reiknuð út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, og eru þeir útreikningar lagðir til grundvallar í málstilbúnaði stefnanda. Vísað er til útreikninga hans frá 8. desember 1995 á tímabundinni og varanlegri örorku stefnanda, en vegna kostnaðarauka stefnanda vegna heimilisaðstoðar er vísað til útreikninga frá 10. október 1995 og taxa Reykjavíkurborgar og Sóknar vegna heimilisaðstoðar.

Endanleg krafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

Tekjutap:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	856.100		
Vegna varanlegrar örorku 15%	–	3.097.400		
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	185.800		
Vegna húsmóðurþáttar:				
Vegna tímabundinnar örorku	kr.	433.400		
Vegna varanlegrar örorku 15%	–	1.568.100	–	2.001.500
			<u>Samtals</u>	<u>kr. 6.140.800</u>

Vegna kostnaðarauka:

Kostnaðarauki vegna heimilisaðstoðar (50% af 7.488.900 kr.)	kr.	3.744.450		
				<u>kr. 9.885.250</u>
Miskabætur	–	600.000		
				<u>kr. 10.485.250</u>
Frá dragast vegna innborgunar VÍS	–	–1.200.00		
				<u>kr. 9.285.250</u>

Skaða- og miskabótakröfur stefnanda eru studdar almennum reglum kröfu- og skaðabótaréttar svo og ákvæðum umferðarlaga. Málskostnaðar-

krafa er reist á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um einfalda sparisjóðsvexti frá slysegi, 2. nóvember 1992, til 21. desember 1994 er gerð með vísan til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvaxta er krafist frá 21. desember 1994 til greiðsludags og vísað í því sambandi til 15. gr. vaxtalaga, en þann dag hafi stefndi greitt stefnanda inn á kröfuna. Vísað er að öðru leyti til III. kafla vaxtalaga um kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti. Við ákvörðun málskostnaðar sé nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyld og njóti því ekki frádráttarréttar vegna virðisaukaskatts. Er vísað til laga nr. 50/1988 um þá kröfu.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að tjón stefnanda sé þegar bætt að fullu með 1.200.000 króna greiðslu ásamt vöxtum og lögmannskostnaði. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni af völdum slyssins. Hún hafi verið 38 ára að aldri, er slysið varð, og 75% varanlegur öryrki fyrir það af völdum liðagigtar, sem hún hafi greinst með árið 1984. Hafi geta hennar og möguleiki til tekjuöflunar utan heimilis því nánast engin verið og geta til heimilisstarfa stórlega skert. Hún hafi ekkert unnið utan heimilis í átta ár og aðeins unnið létt störf á heimili sínu. Væri alls ósannað, að hún hafi í reynd verið fær um að stunda nokkra launaða vinnu utan heimilis fyrir slysið eða átt kost á starfi á vinnumarkaðinum, hvað þá, að hún hafi verið fær um að afla „meðaltekna kvenna“ eða 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna, eins og kröfur hennar miðist við. Hún hafi því ekki sannanlega orðið fyrir neinu tjóni í formi tapaðra tekna af launavinnu utan heimilis af völdum slyssins. Því beri algerlega að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á þeim grundvelli.

Pá fái ekki staðist, að stefnandi geti krafist bóta bæði miðað við fullt starf utan heimilis og fullt starf á heimili. Enginn vinni í senn eða á sama tíma tvö störf, hvað þá 75% öryrki eins og stefnandi. Verði tjón stefnanda ekki ákvarðað öðruvísi en með hliðsjón af því, sem hún hafi getað vænst að geta starfað, þegar slysið varð, svo sem heilsu hennar hafi verið háttað. Beri því eingöngu að hafa hliðsjón af heimilisstörfum við bótaákvörðun, en ekki úti-vinnu, eins og stefnandi hafi gert í tjónsuppgjöri. Það uppgjör væri svo ríflegt, að það gerði mun meira en fullbæta kröfur stefnanda vegna húsmóðurþáttar ásamt miska. Þannig væru engin efni til annars en sýkna stefnda af kröfum stefnanda um bætur vegna ætlaðs örorkutjóns og miska.

Kröfufúlið stefnanda vegna svonefnds „kostnaðarauka“, að fjárhæð 3.744.450 krónur, er sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda sem röngum og ósönnuðum. Stefnandi hafi öðru hverju allt frá árinu 1984 notið heimilisástoðar frá Reykjavíkurborg vegna gigtarsjúkdóms síns. Ósannað sé, að að-

keypt heimilisaðstoð vegna slyssins væri nauðsynleg frá slysdegi og allt til æviloka stefnanda, svo sem hún krefjist. Sé ljóst, að með þessari kröfugerð ætli hún stefnda að bera raunverulegan og ímyndaðan kostnað við heimilisaðstoð af völdum gigtarsjúkdóms stefnanda, enda væri kostnaðarútreikningur beinlínis grundvallaður á 75% örorku stefnanda af völdum gigtarsjúkdómsins. Stefnanda hafi hins vegar aðeins verið metin 5% örorka til heimilisstarfa af völdum slyssins og 15% til annarra starfa. Því væri enginn fótur fyrir nauðsyn á aðkeyptri heimilisaðstoð af völdum slyssins, hvað þá í þeim mæli, sem stefnandi krefjist. Fjárhæð þessa kröfuliðar væri reist á líkindareikningi, sem hafi að forsendu, að stefnandi kaupi frá slysdegi og það, sem eftir er ávinnar, heimilisaðstoð fyrir 512.000 krónur á ári. Þessi forsenda er af hálfu stefnda talin röng og ósönnuð með öllu. Þá hafi stefnandi ekkert upplýst um rétt sinn til endurgjaldslausrar heimilisaðstoðar vegna slyssins frá ríki eða sveitarfélagi né um raunverulegan kostnað af heimilisaðstoð af völdum slyssins. Þessi kröfuliður væri þannig vanreifaður. Sitt hvað væri heimilisaðstoð vegna gigtarsjúkdóms og heimilisaðstoð vegna slyss. Beri að sýkna stefnda með öllu af þessum kröfulið eða vísa honum frá dómi.

Miskabótakröfu stefnanda er andmælt sem allt of hárrí og í ósamræmi við dómvenju. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi geti ekki í senn krafist örorkubóta á grundvelli heilsuskerðingar miðað við heilbrigða manneskju fyrir slys og jafnframt hærri miska en annars á grundvelli stórfelldrar heilsuskerðingar þegar fyrir slysið og meiri miska en ella af þeim ástæðum. Af hálfu stefnda er talið, að 150.000 krónur í miskabætur væru nær lagi, þegar jafnframt væri krafist örorkubóta. Þá beri að miða við verðlag á slysdegi, enda væri krafist vaxta frá þeim tíma.

Af hálfu stefnda er talið ljóst, að þegar allt framangreint sé virt, geri greiddar bætur meira en bæta sannanlegt tjón stefnanda af völdum slyssins, og beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, er krafist lækkunar á kröfum stefnanda, er stefndi andmælir sem allt of háum. Beri við ákvörðun örorkutjóns að gæta þess, að örorka bætist ekki, meðan hennar gæti ekki í skertum vinnutekjum. Þá beri að draga frá þann hluta bótanna, sem ella gengi til opinberra gjalda, og virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati. Þá beri að gæta þess, að prósentutölur í örorkumati miðist við fullhraustan einstakling, en ekki fatlaðan, og væru þær því ekki marktækar án umreiknings í takt við fyrri örorku. Beri við bótaákvörðun að taka fullt tillit til hinnar miklu örorku stefnanda fyrir slys og vangetu til starfa. Bætur, sem þegar hafi verið greiddar, eigi að koma til frádráttar, en ekki er deilt um það í málinu.

Vaxtakröfum stefnanda er sérstaklega andmælt af hálfu stefnda. Er því haldið fram, að samkvæmt dómvenju beri bótakrafan sömu vexti og notaðir væru í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögu-degi.

#### *Niðurstöður.*

Eins og fram hefur komið hér að framan, hafði stefnandi verið metin 75% öryrki samkvæmt mati Tryggingastofnunar ríkisins vegna liðagigtar, áður en hún varð fyrir slysi því, sem hér um ræðir. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt frá því, að hún hafi fengið góða meðferð við liðagigtinni. Hún hafi haft heimilisaðstoð vegna hennar í mörg ár, en vegna þess að henni leið betur, hafi hún sjálf getað annast heimilisstörfin án aðstoðar í heilt ár fyrir slys. Hún hafi einnig rætt það við heimilislækni sinn fyrir slys, að hún hafi þá verið tilbúin að fara út að vinna. Í vottorði Helga Jónssonar, sérfræðings í gigtarsjúkdómum, frá 26. september 1994 kemur fram, að stefnandi hafði komið til hans frá árinu 1990. Þar kemur einnig fram, að hún fór í aðgerð árið 1992 og í nótum frá október það ár komi fram, að þá hafi lækni­rinn talið hana vera í góðu ástandi. Hún hafi sjálf sagt honum, að hún hafi verið að hugsa um að fara aftur til vinnu, og taldi lækni­rinn það alls ekki óhugsandi. Í vottorðinu kemur enn fremur fram, að ástand stefnanda hafi versnað mikið eftir slysið. Stefnandi virtist aldrei vera verkjalaus í baki, en liðsýkin var áfram lágvirk. Við úrlausn máls þessa ber að líta til þess, að mat á örorku stefnanda vegna liðagigtar hlýtur að vera háð ástandi hennar og líðan á hverjum tíma. Ekki er að sjá af gögnum málsins, að mati Tryggingastofnunar ríkisins sé ætlað að gilda í ótakmarkaðan tíma og án endurskoðunar. Með vísan til þessa þykja ekki efni til að líta svo á, að ástand stefnanda fyrir slys hefði til frambúðar komið í veg fyrir, að hún gæti stundað vinnu utan heimilis, hefði hún ekki lent í slysinu.

Í gögnum málsins kemur ótvírætt fram, að stefnandi hlaut varanlega örorku vegna slyssins. Þykir því rétt svo og með vísan til þess, sem að framan greinir, að telja, að stefnandi hafi sýnt fram á, að möguleikar hennar til að afla tekna framvegis hafi almennt skerst vegna slyssins í þeim mæli, sem fram kemur í örorkumati læk­nanna Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar frá 13. október 1994. Sú varanlega örorka, sem þar er metin, er miðuð við, að stefnandi hefði gegnt léttu hlutastarfi. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um laun fyrir létt hlutastarf, en í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 8. desember 1995 á tekjutapi stefnanda er aðeins miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Þykir rétt að nota þann útreikning til viðmiðunar á framtíðartekjutapi stefnanda, en þar er einnig reiknað út tjón stefnanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda.

Tímabundin örorka stefnanda vegna slyssins hefur verið metin 100% í sex mánuði frá slysinu og 50% í næstu sex mánuði þar á eftir samkvæmt örorkumati læknanna Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar 13. október 1994. Þegar litið er til þess, sem hér að framan er rakið, og að stefnandi var ekki í launaðri vinnu, er hún varð fyrir slysinu, þykir ósannað, að hún hafi orðið fyrir tekjutapi vegna tímabundinnar örorku. Verður sá liður í kröfugerð hennar því ekki tekinn til greina.

Krafa stefnanda vegna kostnaðarauka vegna heimilisástoðar er studd útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 10. október 1995. Kostnaður er áætlaður 75% af mánaðarlaunum fyrir heimaþjónustu samkvæmt launataxta Reykjavíkurborgar og Sóknar. Reiknað er slysdagsverðmæti kostnaðar frá slysdegi, svo lengi sem tekjutap vegna slyssins er talið standa, en stefnandi gerir kröfu um helming þeirrar fjárhæðar. Telja verður þennan lið í kröfugerð stefnanda órökstuddan. Í því sambandi verður einnig að líta til þess, að engin gögn hafa verið lögð fram um kostnað stefnanda vegna þessa kröfuliðar. Verður þessi liður í kröfugerð stefnanda því ekki tekinn til greina. Hins vegar hefur örorka stefnanda til heimilisstarfa verið metin 5% af læknunum Atla Þór Ólasyni og Jónasi Hallgrímssyni samkvæmt framangreindu örorkumati þeirra. Í matinu kemur enn fremur fram, að stefnandi hafi tognað í hálsi og baki við slysið, hún hafi fengið vægt samfallsbrot á tveimur brjóstþryggjarliðbolum og brot á rifjum vinstra megin og mar á lifur. Eftir slysið hafi hún haft hvíldar- og álagsverki í hálsi, baki og brjóstakassa, er dregið hafi úr álagspoli og starfsgetu hennar við heimilið. Í örorkumati Júlíusar Valsssonar frá 15. ágúst 1994 kemur fram, að stefnandi hafi eftir slysið sífellda verki vinstra megin í baki, sem leiði fram í kvið. Verki leiði einstaka sinnum niður í vinstri mjöðm og upp í háls. Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar kemur fram, að bakverkur sé verstur neðarlega í brjóstbaki og leiði út í vinstri síðu. Leiðsluverkir væru upp í háls og herðar ásamt vöðvabólgu, sem stefnandi hafði ekki áður að eigin sögn. Hún hafi enn fremur verkjaleiðni niður í mjóbak og út í vinstri mjöðm og niður undir vinstra hné. Í viðtali hennar við lækna kom fram, að hún hefði verið góð í baki fyrir slysið og verkjalaus í hálsi og öxlum. Ekki er unnt að fullyrða, að stefnandi hefði verið ófær um að gegna heimilisstörfum ásamt léttu hlutastarfi utan heimilis, eins og hún hafði ráðgert, ef hún hefði ekki orðið fyrir slysinu, enda liggja engar upplýsingar fyrir um það. Þykir rétt með vísan til alls þessa, að stefnanda verði dæmdar bætur vegna örorku til heimilisstarfa, sem metin var 5%. Krafa hennar er reist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 8. desember 1995, en þar er höfuðstólsverðmæti tekjutaps

vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku til heimilisstarfa reiknað samtals 956.100 krónur miðað við 5% örorku. Verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Bætur til stefnanda fyrir fjártjón og miska þykja hæfilega ákveðnar 3.800.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi bóta. Til frádráttar koma 1.219.800 krónur, sem stefndi greiddi 21. desember 1994 í bætur fyrir tjónið að meðtöldum vöxtum. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda 2.580.200 krónur.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt, en stefndi telur, að samkvæmt dómvenju beri að reikna sömu vexti og notaðir væru í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Með vísan til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 ber stefnda að greiða stefnanda vexti frá slysdegi jafnháa og vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparissjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparissjóðum, en rétt þykir með vísan til 15. gr. sömu laga, að dráttarvextir verði reiknaðir frá þeim tíma, er mál var höfðað, sem var 8. janúar 1996. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól, þegar vanskil hafa staðið í tólf mánuði samkvæmt 12. gr. vaxtalaga.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun lögmans stefnanda, Sigmundar Hannessonar, sem þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Rétt þykir, að stefndi greiði málskostnað stefnanda, 200.000 krónur, sem greiðist í ríkissjóð að viðbættum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands, greiði stefnanda, Margréti Kristjánsdóttur, 2.580.200 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. nóvember 1992 til 8. janúar 1996 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 8. janúar 1997.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun lögmans stefnanda, Sigmundar Hannessonar, 200.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefndi greiði málskostnað stefnanda, sem greiðist í ríkissjóð, 200.000 krónur, að viðbættum virðisaukaskatti.